

Aðalfundur Hundaræktarfélags Íslands haldinn í Félagsheimili Fáks, Víðidal miðvikudaginn 13. maí kl. 20:00.

Mættir: 293 félagsmenn

Jóna Th. Viðarsdóttir formaður bauð fundarmenn velkomna, sérstaklega heiðursfélaga HRFÍ þær Guðrúnu Guðjohnsen og Sigríði Pétursdóttur. Hún sagði þær hafa rutt brautina og án þeirra værum við ekki hér. Jóna bauð fundarmönnum að hylla þær og óskaði eftir að þær stæðu upp. Fundarmenn hylltu konurnar veglega. Jóna tilkynnti að fundarstjóri yrði Hrund Hjaltadóttir og fundarritari Sigríður Bílddal. Hún bauð síðan fundarstjóra að taka við stjórn fundarins.

Fundarstjóri benti á að þrjú mál væru á dagskrá undir önnur mál og óskaði eftir því að fundarmenn skráðu sig á mælendaskrá ef þeir óskuðu eftir að taka til máls undir þessum lið.

Dagskrá:

1. Lögmæti fundarins kannað

Fundarstjóri fór yfir boðun fundarins. Aðalfundarboð var birt í Sámi, sem fór í dreifingu 29. apríl sl. Fundurinn taldist því lögmætur.

2. Skýrsla stjórnar HRFÍ

Valgerður Júlíusdóttir ritari las skýrslu stjórnar. Valgerður fór yfir helstu þætti í starfsemi félagsins og benti á að skýrslan yrði birt í heild á vefsíðu félagsins og í Sámi. Hún fjallaði um nýtt húsnæði og breytingar á starfsfólki. Aukning var í hvolpaskráningum, umskráningum og met var sett í augnskoðun nú í maí auk þess sem metþátttaka var á síðustu sýningu. HRFÍ er fyrst og fremst ræktunarfélag með það markmið að rækta heilbrigða einstaklinga og með áherslu á þjóðarhundinn okkar. Árið framundan er áskorun fyrir okkur öll. Félagsmenn eru 2500 og haldið verður upp á 40 ára afmæli félagsins síðar á þessu ári. Valgerður lauk lestrinum með því að benda á að við þyrftum að standa saman um málefni okkar.

3. Ársreikningar félagsins ásamt skýrslum löggilts endurskoðanda og félagskjörinna skoðunarmanna fyrir síðastliðið ár

Guðríður Þ. Valgeirsdóttir varaformaður las ársreikning í fjarveru Gunnlaugs Valtýssonar gjaldkera. Ársreikningar lágu frammi við upphaf fundar.

Bára benti á að á síðasta aðalfundi var samþykkt að sundurliða gjöld vegna sýninga, hundaskóla og námskeiða. Jóna las upp sundurliðun á liðum sem spurt var um.

Reikningar félagsins bornir undir atkvæði. Samþykktir samhljóma.

4. Skýrsla um starfsemi síðanefndar

Þorsteinn Þorbergsson formaður síðanefndar flutti skýrslu nefndarinnar. Sex fundir voru haldnir. Sjö erindi bárust. Afgreiðslu lauk án þess að nefndin beitti fyrir sig viðurlögum og leitað var sátta þar sem það var hægt. Öllum erindum hefur verið svarað.

5. Starfs- og fjárhagsáætlun stjórnar

Guðríður Þ. Valgeirsdóttir varaformaður flutti málið í fjarveru Gunnlaugs Valtýssonar gjaldkera. Starfs- og fjárhagsáætlun lá frammi á fundinum.

Umræður voru um liði 4 og 5.

Spurning kom fram af hverju gert væri ráð fyrir 12% hækkun á launum en ekki væri sýnileg aukning á starfsemi félagsins. Jóna svaraði og benti á að í síðustu reikningum hefðu laun verið 10 milljónir og að skrifstofan hefði verið undirmönnuð síðasta ár.

Spurt var um af hverju áætlað væri að útgáfukostnaður yrði lægri. Jóna svaraði því til að um væri að ræða betri samninga en áður.

6. Lagabreytingar

Engar tillögur að lagabreytingum lágu fyrir.

7. Kosning formanns HRFÍ og annarra stjórnarmanna skv. 10.gr.

Fundarstjóri benti á að þeir sem væru í framboði hefðu verið kynntir á vefsíðu félagsins.

Úr stjórn gengu: Jóna Th. Viðarsdóttir, formaður, Gunnlaugur Valtýsson, meðstjórnandi, Margrét Kjartansdóttir, meðstjórnandi og Björn Ólafsson, varamaður. Ekkert mótframboð var til formanns þannig að Jóna var sjálfkjörin.

Í framboði til stjórnar sem meðstjórnendur voru fjórir: Björn Ólafsson, Guðbjörg Guðmundsdóttir, Karen Gísladóttir og Margrét Kjartansdóttir. Í framboði sem varamenn voru tveir: Auður Sif Sigurgeirsdóttir og Valgerður Stefánsdóttir.

Niðurstöður kosninganna voru eftirfarandi:

Björn Ólafsson hlaut 209 atkvæði

Margrét Kjartansdóttir 201 atkvæði

Karen Gísladóttir hlaut 79 atkvæði

Guðbjörg Guðmundsdóttir hlaut 64 atkvæði

Auður og ógildir seðlar voru fjórir. Réttkjörnir stjórnarmenn eru því Björn og Margrét.

Auður Sif Sigurgeirsdóttir hlaut 228 atkvæði

Valgerður Stefánsdóttir hlaut 60 atkvæði

Auður og ógildir voru tveir. Réttkjörinn varamaður er því Auður Sif Sigurgeirsdóttir.

8. Kosning tveggja félagskjörinna skoðunarmanna og tveggja til vara

Þorsteinn Þorbergsson og Kristín Sveinbjörnsdóttir gáfu kost á sér sem aðalmenn og Gunnar B. Gunnarsson og Margrét Dögg Halldórsdóttir sem varamenn. Engin mótframboð bárust og aðal- og varamenn voru því sjálfkjörnir.

9. Kosning siðanefndar

Eftirtaldir gáfu kost á sér: Guðmundur Helgi Gunnarsson, Guðrún Sigríður Sigurðardóttir, Herdís Hallmarsdóttir, Hilmar Sigurgíslason og Kristín Sveinbjörnsdóttir.

Engin mótframboð bárust.

10. Önnur mál

Fundarstjóri las upp þrjár tillögur sem lágu fyrir fundinum.

Tillaga 1:

Barst frá fundi Fulltrúaráðs Hundaræktarfélags Íslands sem haldinn var 29. apríl sl.

„Aðalfundur Hundaræktarfélags Íslands er alfarið á móti árásar- og varnarþjálfun hunda á Íslandi og ítrekar að slík þjálfun eða kynning á henni fari hvergi fram í nafni Hundaræktarfélags Íslands”

Björn Ólafsson sagði að hundahald á Íslandi væri ungt og víðast bannað. Þegar hundahald fékk undanþágu á sínum tíma voru flestir á móti því. Þetta hefur lítið breyst og árásar- og varnarþjálfun er ekki til þess fallin að auka veg og vanda hundaeiganda.

Guðrún Guðjohnsen var ánægð með mætingu á fundinn og benti á að hundarækt væri líka að leggja rækt við hunda ekki síður en ræktun. Hún sagði að við hefðum komist áleiðis með hundahald og ályktunin sem lægi fyrir væri okkur ekki til framdráttar. Við þyrftum að halda baráttunni áfram fyrir eðlilegu hundahaldi.

Hulda Jónasdóttir sagðist vera meðmælt tillögunni vegna þess að varnarþjálfun væri íþrótt sem stunduð væri um allan heim. Árásarþjálfun er annað. Hún taldi að erfitt yrði að vera með slíka þjálfun hér á landi vegna þekkingarleysis almennings og taldi þetta okkur ekki til framdráttar. Tillagan gæti leitt til þess að við fengjum á okkur afgerandi bönn við vissum hundategundum.

Unnar Már sagðist vera mótfallinn tillögunni. Hann benti á að varnar- og árásarþjálfun væri ekki það sama og taldi villandi að tengja þetta saman. Margar tegundir erlendis þurfa á varnarþjálfun að halda til að fá meistaratitla. Unnar leggur til að tillagan verði klofin upp og árásarþjálfun og varnarþjálfun verði sitt í hvoru lagi. Hann benti fundarmönnum á að íhuga hvað verið væri að kjósa um

Hulda vildi taka undir með Unnari um að skipta ályktuninni upp en ekki sammála um hvernig það væri gert. Hún taldi ekki ástæðu til að HRFÍ væri að álykta um málið þar sem í hundasamþykktinni væri fjallað um árásarþjálfun og hún bönnuð. Hún sagði að í boði HRFÍ væru ýmis vinnuhundapróf sem vinnuhundar gætu farið í og að hlýðni væri lykilatriði hjá vinnuhundum.

Þorsteinn Þorgrímsson taldi báða aðila hafa ýmislegt til síns máls. Hann benti á að fyrir fundinum lægi tillaga frá fulltrúaráði og þar sitja stjórn og fulltrúar deilda. Hann taldi fundinn vanbúinn til að ræða þessi mál. Fulltrúaráðsfundurinn hefði fjallaði um málið og talið það besta kostinn að leggja þessa tillögu fyrir aðalfund.

Unnar sagði að ef ekki væri hægt að kljúfa tillöguna upp langaði hann að benda á að þessi hlið varnarþjálfunar hefur ekki fengið að njóta sín. Ekki hefur fengist að kynna þessa þjálfun né heldur IPO sem einnig er spor og hlýðni. Hann benti á að enginn hefði fengið að kynna IPO á fulltrúaráðsfundi og þeir sem stunda íþróttina hafi ekki fengið að kynna sín sjónarmið. Unnar taldi að innan félagsins væru mjög einhliða sjónarmið varðandi þessi mál.

Guðrún Guðjohnsen spurði hvort til væru þjálfarar hér sem væru menntaðir í varnarþjálfun. Svarið var að svo væri ekki.

Fundarstjóri bar tillöguna undir atkvæði. Þar sem fundurinn var svo fjölmennur var atkvæðagreiðsla skrifleg. Atkvæði átti að greiða á gráa miða. Fundarmenn greiddu atkvæði á fleiri liti en fundarstjóri hafði beðið um. Fundarstjóri úrskurðaði kosninguna ólögmeta og lét greiða atkvæði með handaupprettingu. Tillagan var samþykkt með þorra atkvæða. Mótmæli komu fram um breytingu á atkvæðagreiðslunni. Fundarstjóri las upp úr lögum félagsins að atkvæðagreiðsla mætti vera skrifleg ef fundarstjóri ákvarðaði það.

Tillaga 2:

Barst frá Guðríði Magnúsdóttur (tölvupóstur 21. apríl 2009)

„Að boðið verði upp á utankjörfundarathvæðagreiðslu, vegna kostninga á Aðalfundi HRFÍ, og að tillagan fái frekari útfærslu hjá Stjórn HRFÍ og henni verði komið á fyrir næsta aðalfund.

Í greinargerð sem fylgdi tillögunni segir: „Þetta er félag allra hundaeigenda, eins og félagið segir sjálft og ekki eiga allir heimangengt til að geta nýtt athvæðarétt sinn, og í félagi sem ríkir á landsvísu þá á þetta að vera sjálfagt mál að koma þessu í framkvæmd hvort sem notast verði við netkostningar eða bréfastöðningar eða eitthvað betra”

Björn Ólafsson sagði að þetta hefði verið rætt á fyrri aðalfundum. Málinu hefði ætíð verið vísað til stjórnar. Hann lagði til að þessari tillögu væri vísað frá. Björn dró síðar frávísunartillöguna til baka og lagði til að tillagan yrði felld.

Hulda M. Ólafsdóttir sagðist vera landsbyggðarmanneskja og henni væri misboðið. Félagsmenn væru einnig til á landsbyggðinni og erfitt væri að mæta á aðalfundinn ef hann væri ekki í tengslum við aðra atburði því þá gæti það kostað margra daga bið á Reykjavíkursvæðinu.

Þorsteinn Þorgrímsson sagði að gerð hefði verið tilraun til að hafa aðalfundinn á laugardegi til að koma til móts við landsbyggðarfólk. Það hefðu verið verst sóttu aðalfundir hjá félaginu. Hann benti á að erfitt væri að koma við atkvæðagreiðslu þar sem ljóst þarf að vera hver greiðir atkvæði. Hann tók undir með Birni að fella tillöguna.

Ragnar Sigurjónsson benti á að við yrðum bara að mæta á fundinn ef við vildum rífast um málefni.

Tillagan var borin undir atkvæði. Samþykkt.

Tillaga 3:

Frá Inga Jóni Jóhannessyni og Birnu Kristínu Ómarsdóttur (tölvupóstur 6. maí 2009)

„Við hjónin sendum bréf til stjórnar hrfí og var búið tekið fyrir á stjórnarfundum þann 29/05 um þessar hertu og breittu reglur hjá mast og báðum við um að þessu yrði mótmælt kröfuglega fyrir hönd allra félagsmanna okkur langar til þess að þetta verði borið undir aðalfund þann 13/05 og kosið um hvort það eigi að mótmæla þessu mér finst það eðlilegt sökum þess þetta á við nokkrar hundategundir í tegundarhóp 1 og 2 og kemur okkur fglagsmönnum öllum við og kanski misjafnar skoðanir á þessu”

Valgerður Júlíusdóttir las svar sem sent var til Birnu og Inga Jóns eftir umfjöllun á stjórnarfundum HRFÍ. Stjórnarmenn voru sammála um að mynda teymi sem mun vinna í málinu.

Unnar Már rakti sögu skapgerðarmatsins í Þýskalandi og sagði skapgerðarmat eins og Matvælastofnun vill nota ekki í gildi á ákveðnu svæði í Þýskalandi. Hann fagnar því að stjórn vinni í málinu.

Fundarstjóri taldi að stjórn hefði svarað erindi Birnu og Inga Jóns og að aðalfundur þyrfti ekki að greiða atkvæði um tillöguna. Hún bar það undir fundinn sem samþykkt með lófataki.

Jóna Th. Viðarsdóttir þakkaði stuðninginn og samstarfsmönnum fyrir góð störf. Hún þakkaði einnig öllum þeim sem unnið hafa fyrir félagið á liðnum árum. Hún sagði margt hafa verið gert en margt væri enn óunnið. Hún bað fólk um að hafa heildarhagsmuni að leiðarljósi og óskaði nýkjörnum stjórnarmönnum til hamingju með kjörið. Að lokum þakkaði hún fyrir góðan fund.

Fundi slitið kl. 22:40.

Sigríður Bílddal.